

Miðvikudaginn 27. apríl 1921.

Nr. 4/1921.

Hreppsnefnd Kjósarhrepps

(Guðm. Ólafsson)

gegn

Jes Zimsen

(L. Fjeldstedt),

um útsvarsskyldu af leigðum rjetti til laxveiði með stöng.

Úrskurður fógetarjettar Reykjavíkur 31. júlí 1920: Hið umbeðna lögtak á ekki fram að fara.

Dómur hæstarjettar.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem greindar eru í hinum áfrýjaða úrskurði, ber að staðfesta hann, og verður áfrýjandi þá að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 100 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað.

Áfrýjandi, hreppsnefnd Kjósarhrepps, greiði stefnda, Jes Zimsen konsúl, 100 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Jes Zimsen, konsúl og kaupmaður hjer í bönnum, á sumarbústað í landi jarðarinnar Laxárnes í Kjósarhreppi, og hefst hann þar við á sumrum nokkurn tíma með fjölskyldu sinni, og leigir rjett til að veiða lax á stöng í ánum Laxá og Bugðu. Vegna þessarar dvalar og laxveiðiafnotanna lagði hreppsnefnd Kjósarhrepps á nefndan kaupmann 50 króna aukaútsvar til sveitarsjóðs Kjósarhrepps haustið 1918, en hann hefir neitað að greiða þetta útsvar og telur sig alls ekki útsvarsskyldan í hreppnum vegna

þess, að umrædd laxveiði sje eigi arðsamt fyrirtæki, heldur aðeins til gamans.

Hreppsnefnd Kjósarhrepps heldur því aftur á móti fram, að laxveiði á stöng í ám þeim, sem hjer ræðir um, sje arðsöm, og útsvarið því rjettilega álagt. Hafa báðir aðiljar lagt það undir úrskurð fógætarrjettarins, hvort lögtak á útsvarinu skuli fram fara.

Hreppsnefnd Kjósarhrepps telur heimild sína fyrir útsvarsálagningunni liggja í ákvæðum laga nr. 48, 3. nóvember 1915, um breytingu á lögum nr. 33, 2. nóvember 1914, um breytingu á sveitarstjórnarlögunum frá 10. nóvember 1905, en til þess að ákvæði þessara laga eigi við, verður laxveiðin að vera stund-uð sem atvinna, sbr. orðin: „Þótt sú atvinna sje rekin enn styttri tíma“. En eftir upplýsingum þeim, sem liggja fyrir í málinu, verður að teljast vafalaust, að laxveiði requisiti sje eigi rekin í atvinnuskyni, heldur sem gaman eða til skemtunar í sumarhild hans.

Samkvæmt þessu verður fógætarrjetturinn að líta svo á, að útsvars skylða fylgi ekki umræddum laxveiðiafnotum, og með því að eigi liggur heldur fyrir, svo upplýst sje, annar grundvöllur fyrir hinni umrædda útsvarsálagningu, verður að synja um framgang hins umbeðna lögtaks.

Föstudaginn 29. apríl 1921.

Nr. 31/1921.

Ólafur V. Davíðsson

gegn

Guðmundi Ólafssyni
f. h. G. Albertssonar.

Dómur hæstarjettar

Máli þessu, er dæmt var í bjeraði 10. jan. f. á, hefir verið áfrýjað samkvæmt uppreistarleyfi dags. 23. sept. f. á., en áfrýjunarstefnan er ekki tekin út fyr en 8 vikum síðar eða þann 18. nóv. f. á. Sam-